

# Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2024, þriðjudaginn 19. nóvember kl. 10:15 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1184. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Margrét Pálína Cassaro, Sigrún Reynisdóttir og Sigurður Stefán Karlsson.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

## Þetta gerðist:

### 1. Arnarhlíð 8 - USK24110139

Sótt er um leyfi til þess að skipta rými 0101 í smærri notkunareiningar og innrétta í miðjurýminu aðstöðu fyrir golfherma á 1. hæð í fjölbýlis- og atvinnuhúsi á lóð nr. 8 við Arnarhlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti af aðaluppdrætti samþykktum 1. ágúst 2023.

Gjald. kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 2. Austurbakki 2 - USK24090306

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara Hörpu á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 3. Austurstræti 10A - USK24090156

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og útliti á 2. hæð húss á lóð nr. 10a við Austurstræti.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið. Erindi fylgir umsögn vinnueftirlitsins dags. 8. október 2024. Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 12. nóvember 2024

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

### 4. Álfheimar 36 - USK24110064

Sótt er um leyfi til þess að síkka gluggagat og gera hurð út á nýja verönd fyrir íbúð 0001 í fjölbýlishúsi, mhl.01, á lóð nr. 32-36 við Álfheima.

Erindi fylgir fundargerð aðalfundar Húsfélags Álfheima 32-36 dags. 16. maí 2024 og afrit af aðaluppdráttum samþykktum 9. ágúst 2000 og 29. september 1960.

Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 5. Bergstaðastræti 75 - USK24100098

Sótt er um leyfi til að síkka glugga, grafa frá húsi og gera hurð útá verönd á suðvesturhlið kjallara, gera nýjan útgang á suðausturhlið kjallara og breyta innra skipulagi í einbýlishúsi á lóð nr. 75 við Bergstaðastræti.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 24. október 2024, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 28. október 2024 og yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

## 6. Bjarmaland 21 - USK24100132

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við einbýlishús á lóð nr. 21 við Bjarmaland

Erindi fylgir yfirlit breytinga og mæliblað 1.854.1 dags. 19. apríl 1966.

Stækkun: 91,7 ferm., 451,7 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

## 7. Bárugata 15 - USK24110095

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á íbúðarhúsi, mhl.01, og til þess að breyta notkun teiknistofu, rými 0101, mhl.02, í íbúð og til þess að sameina í einn alla matshluta á lóð nr. 15 við Bárugötu.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda í húsi dags. 9. nóvember 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 8. Dugguvogur 9 - USK24100147

Sótt er um leyfi til að byggja sólskála og koma fyrir heitum potti á þaksvölum íbúðar 0501 í mhl. 04 á lóð nr. 9 við Dugguvog.

Erindi fylgir greinargerð verkfræðings dags. 9. nóvember 2024.

Stækkun: 13,6 ferm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 9. Eirhöfði 8 - USK24090157

Sótt er um leyfi til að byggja þrjú 4-6 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 133 íbúðum á bílakjallara með 83 stæðum á lóð nr. 8 við Eirhöfða.

Erindi fylgir mæliblað, brunahönnun frá Örugger daga. 15. júlí 2024, greinargerð um algilda hönnun ódagsett og greinargerð um hljóðvist frá Myrru daga. 28. júní 2024.

Einnig eru lagðar fram skilmálabreyting deiliskipulags dags. 30 maí 2024 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. mars 2024,

Stærð, A-rými: 16.791,1 ferm., 52.067,1 rúmm.

B-rými: 970,9 ferm. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 10. Freyjubrunn 25-27 - USK24110061

Sótt er um leyfi til þess að setja upp svalalokanir á svalir íbúðar 0302 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 25-27 við Freyjubrunn.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags 10. júlí 2024 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 18. febrúar 2014.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 11. Fríkirkjuvegur 9 - USK24110078

Sótt er um leyfi til þess að bæta frágang á loftum í kjallara með tilliti til hljóðvistar og eldvarna og breyta innra skipulagi þannig að bókasafn og lesstofur eru innréttadar í kjallara og fyrrum bókasafni er breytt í kennslustofur í húsi Kvennaskólans á lóð nr. 9 við Fríkirkjuveg.

Erindi fylgir greinargerð frá hönnuði dags. 7. nóvember 2024 og minnisblað hljóðstofu Myrru um hljóðvist dags. 21. júní 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 12. Fýlshólar 11 - USK24110046

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061105 vegna lokaúttektar þannig að svalahandriði íbúðarhúss, staðsetningu sorps og tilhögun á lóð og útsvæði íbúa er breytt lítillega á íbúðarhúsalóð nr. 11 við Fýlshóla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 19. júlí 2022.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### 13. Glaðheimar 26 - USK24110063

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskiptasamnings, þannig að stærðir og innra skipulag íbúða 0001 og 0002 hefur verið breytt auk þess sem inntök og mælar eru staðsettir í rými sem orðinn er hluti íbúðar 0001 í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 26 við Glaðheima. Erindi fylgir ódagsett greinargerð fasteignasala um staðsetningu mæla og inntaka og yfirlit breytinga á fylgiblaði dags. 10. apríl 2024 ásamt afriti af aðaluppdrætti samþykktum 14.ágúst 1980. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 14. Grensásvegur 16 - USK24070313

Sótt er um leyfi fyrir til að fjölga eignum í atvinnuhúsi á lóð nr. 16 við Grensásveg. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 27. apríl 1995 og samþykki meðeigenda áritað á uppdrátt dags. 20. desember 2022. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

### 15. Grettisgata 28 - USK24100362

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að því að íverurými í kjallara og gera hringstiga milli 1. hæðar og kjallara húss á lóð nr. 28 við Grettisgötu. Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 9. ágúst 2011. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 16. Grettisgata 58A - USK24070298

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri viðbyggingu, sjá erindi USK24050258, á norðurhlið húss og til að gera ósamþykktu íbúð í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 58A við Grettisgötu. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október sl., fylgir erindi. Stækkun: XX ferm., xx rúmm. Eftir stækkun: 193,8 ferm., 515,8 rúmm. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### 17. Grófarsel 28 - USK24100081

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við suðvesturhlið parhúss á lóð nr. 28 við Grófarsel. Stækkun: xx ferm. Eftir stækkun: 259,9 ferm., 622 rúmm. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **18. Haðaland 26 - USK24100262**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0599216 með því að færa anddyri á austurhlið Meginlands og gera þar nýja glugga á neðstu hæð sömu hliðar ásamt minni háttar breytingum á innra skipulagi Fossvogsskóla á lóð nr. 26 við Haðaland.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **19. Hringbraut 50 - USK24100165**

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki II, teg. e fyrir 80 gesti í húsi á lóð nr. 50 við Hringbraut.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

### **20. Hrossnes 10-16 - USK24100358**

Sótt er um leyfi til að byggja hesthús á tveimur hæðum á lóð nr. 10-16 við Hrossnes.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **21. Hverfisgata 113-115 - USK24100307**

Sótt er um leyfi til þess að breyta eldhúsi í framreiðslueldhús og stækka matsal mötuneytis á 4. hæð lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu á lóð nr. 113-115 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir afrit af samþykktum aðaluppdrætti samþykktum 10. nóvember 1998.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

### **22. Hverfisgata 15 - USK24110140**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24060382, koma fyrir slökkvikerfi í háfi og setja ræstiskáp í eldhús veitingastaðar í flokki II, teg. e í húsi á lóð nr. 15 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir minnisblað hönnuðar dags. 12. nóvember 2024 og yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### **23. Háteigsvegur 2 - USK24070140**

Sótt er um leyfi til að byggja tvær viðbyggingar, annars vegar biðstofu framan við núverandi anddyri á norðurhlið og hins vegar nýtt anddyri á austurhlið íbúðar- og atvinnuhúss á lóð nr. 2 við Háteigsveg. Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 31. maí 2024 og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. apríl 2024.

Erindið var grenndarkynnt fyrir frá 18. september 2024 til og með 16. október 2024.

Engar athugasemdir bárust.

Stækkun: 28,3 ferm., 175,1 rúmm.

Eftir stækkun: 582,6 ferm., 1.693,1 rúmm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

### **24. Hólmaslóð 6 - USK24100082**

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í atvinnuhúsi á lóð nr. 6 við Hólmaslóð.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

### **25. Hólmsland - Niðurrif - USK24100382**

Sótt er um leyfi til að rífa sumarbústað á Hólmslandi.

Erindi fylgir niðurrifsskýrsla.

Stærð 46.0 ferm.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

### **26. Kirkjustræti 2 - USK24100310**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060686, þ.e. votrymum, innra skipulagi, inngangshurð, stigum, sorplausn, diskalyfta er fjarlægð á öllum hæðum og bætt úr brunamerkingum gististaðar í flokki II, tegund b., fyrir 124 gesti, í húsi á lóð nr. 2 við Kirkjustræti.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **27. Klettagarðar 12 - USK24090354**

Sótt er um leyfi til að byggja milliloft í atvinnuhúsi á lóð nr. 12 við Klettagarða.

Erindi fylgir bréf frá skipulagsfulltrúa dags. 24. september 2024.

Stækkun: 498,6 ferm.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 28. Kringlan 4-12 - USK24110144

Sótt er um leyfi til að breyta rými S269 með því að byggja glerframhlið og innréttu verslun í Kringlunni á lóð nr. 4-12 við Kringluna.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

## 29. Kvisthagi 27 - USK24110077

Sótt er um leyfi til þess að síkka glugga og gera hurð úr íbúð 0001 út á niðurgrafna verönd við íbúðarhús á lóð nr. 27 við Kvisthag.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 4. nóvember 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar dags. 13. október 1949.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

## 30. Laufásvegur 25 - Niðurrif - USK24110041

Sótt er um leyfi til þess að rífa bílskúr á lóð nr. 25 við Laufásveg.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 5. nóvember 2024.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

## 31. Laugarásvegur 63 - USK24090041

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum stoðvegg á lóðarmörkum að lóð nr. 59, pergólu og steiptum heitum potti á steyptri verönd við einbýlishús á lóð nr. 63 við Laugarásveg.

Erindi fylgir endurnýjuð skýrsla um húsaskoðun dags. 19. nóvember 2024, skýrsla um húsaskoðun ásamt ljósmyndum af vettvangi dags. 14. október 2024 og samþykki Eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir hönd lóðar nr. 59 dags. 27. febrúar 2024.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

### **32. Laugavegur 11 - USK24100306**

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi UKS24050065 vegna lokaúttektar þannig innra skipulagi í rými 0202 og 0203 er breytt vegna sameiningar í eina skrifstofueiningu í verslunar- og veitingahúsi á lóð nr. 11 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 27. ágúst 2024.

Gjald kr. 15.400

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **33. Laugavegur 170 - USK24090270**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK231000047 með því að sameina tvær íbúðir í eina í tveimur stíga húsum á 6. og 7. hæð við Laugaveg, bílastæðum fækkað, gerðar tvær lokaðar bílgeymslur og fjórar lokaðar geymslur bílgeymsluhluta og fyrirkomulagi annarra geymsla breytt í K1 þannig að nú verða 100 íbúðir og 68 bílastæði í húsi á lóð nr. 170 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **34. Lautarvegur 26A - USK24110164**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058611 vegna lokaúttektar þannig að hús er allt einangrað að utan ásamt því að gerðar eru breytingar á innra skipulagi og útliti tvíbýlishúss á lóð nr. 26 við Lautarveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### **35. Lindargata 59 - USK24110109**

Sótt er um leyfi til að breyta USK23050073 vegna lokaúttektar í húsi nr. 59 við Lindargötu.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

### **36. Lág múli 5 - USK24110009**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum innanhússbreytingum sem snúast um að útbúa pílu og spilasal í húsi nr. 5 við Lág múla. Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 22. september 2015.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **37. Skipholt 44 - USK24080167**

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að breytingum innanhúss og gera stiga frá íbúð 0201 að geymslu í þakrými í húsi nr. 44 við Skipholt. Gjald kr. 15.400.  
Frestað. Vísað til athugasemda.

### **38. Skrauthólar 5 - USK24080326**

Sótt er um leyfi til að byggja einlyft einbýlishús úr timbri á lóð nr. 5 við Skrauthóla. Stærð: 149,5 ferm., 521,1 rúmm. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

### **39. Skútuvegur 6 - USK24110022**

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN051510 þar af leiðandi er sótt um heimild til þess að breyta skyggni og klæðningu á atvinnuhúsnæði á lóð nr. 6 við Skútuveg.

Erindi fylgir yfirlit breytingar dags. 27. september 2016

Stærðir:

Ferm.498,0

Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **40. Sogavegur 92 - USK24100127**

Sótt er um leyfi til að byggja 39,9 ferm. og 129,3 rúmm. bílageymslu á lóð nr. 92 við Sogaveg. Svar við fyrirspurn sem lögð var fyrir hjá skipulagsfulltrúa dags. 30. maí 2024.  
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Lagfæra skráningu.

### **41. Stuðlasel 26 - USK24100249**

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu í húsi nr. 26 við Stuðlasel. Stækkun 35,5 fer, pg 163,3 rúmm. Erindi fylgir samþykki annarra dags. 21.okt.2024 og yfirlit breytinga dags. 30. okt. 1975. Erindinu fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 07. nóvember 2024.  
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

### **42. Stóragerði 11A - USK24110141**

Sótt er um leyfi til að breyta fyrirkomulagi snyrtinga á 1. og 2. hæða Hvassaleitisskóla á lóð nr. 11A við Stóragerði.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

#### **43. Suðurlandsbraut 2 - USK24110142**

Sótt er um leyfi til þess að gera nýja inngangshurð á norðurhlið og innrétta veitingastað í flokki I teg e fyrir 50 manns í norðausturhorni 1. hæðar hótels á lóð nr. 2 við Suðurlandsbraut. Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 24. júlí 2020. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **44. Sægarðar 1 - USK24100381**

Sótt er um leyfi til að reisa aðveitustöð veitna á einni hæð auk kjallara sem skal hýsa spenna, annan tæknibúnað, stjórnubúnaðarrými og starfsmannaaðstöðu í húsi á lóð nr. 1 við Sægarða. Stærð 1.218,7 ferm. og 6566,5 rúmm. Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **45. Sægarðar 15 - USK24030183**

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050318 með því að breyta innra skipulagi á 2. hæð og texta um brunavarnir í húsi á lóð nr. 15 við Sægarða. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

#### **46. Varmahlíð 1 - USK24100342**

Sótt er um leyfi til þess að reisa forsmíðaðan sýningarsal á lóð nr. 1 við Varmahlíð. Erindi fylgir samþykktu aðaluppdrætti dags. 12. febrúar 2019 og 12. september 201. Stærðir:  
Ferm. 109,8 rúmm. 678,5  
Gjald kr.15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **47. Vatnsholt 9 - USK24060036**

Sótt er um leyfi til að gera flóttastiga og svalir á 2. hæð í skóla á lóð nr. 9 við Vatnsholt. Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

#### **48. Vesturgata 37 - USK24080136**

Sótt er um leyfi til að breyta notkun úr bílageymslu í geymslu og áður gerðum innanhúss breytingum í húsi nr. 37 við Vesturgötu. Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **49. Vogaland 12 - USK24110062**

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum og fá samþykka áður gerða ósamþykka íbúð í kjallara einbýlishúss á lóð nr. 12 við Vogaland.  
Gjald 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **50. Þingholtsstræti 21 - USK24070192**

Sótt er um leyfi til að breyta, endurgera og byggja ofaná mhl. 02 og innrétta þar þrjár íbúðir og til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum, mhl. 03, á lóð nr. 21 við Þingholtsstræti.

Stækkun mhl. 02: xx ferm., xx rúmm.

Mhl. 02 eftir stækkun: 153,9 ferm., 515 rúmm.

Mhl. 03: 67,6 ferm., 215,9 rúmm.

Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Ísland dags. 19. ágúst 2024 og lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. apríl 2024 og 19. ágúst 2024.

Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **51. Þingás 44 - USK24110043**

Sótt er um leyfi til að stækka bílageymslu í húsi nr. 44 við Þingás. Stækkun xx ferm. og xx rúmm.  
Gjald kr. 15.400.

Frestað. Vísað til athugasemda.

#### **52. Þverholt 14 - USK24110042**

Sótt er um heimild til að breyta glugga í björgunarop á norðurhlið húss á lóð nr. 14 við Þverholt.  
Gjald kr. 15.400.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

#### **Fundi slitið kl. 11:55**

Brynjar Þór Jónasson  
Edda Þórsdóttir  
Margrét Pálína Cassaro  
Sigrún Reynisdóttir  
Sigurður Stefán Karlsson  
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.